

**STARFSREGLUR KÆRUNEFNDAR ÚTBOÐSMÁLA  
(2022)**

**1. gr.**

*Heiti og aðsetur*

Kærunefnd útboðsmála starfar samkvæmt XI. kafla laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, eins og ákvæðum kaflans kann að hafa verið breytt síðar, en um meðferð mála fyrir nefndinni fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum nr. 37/1993 með síðari breytingum.

Fullt heiti nefndarinnar er „kærunefnd útboðsmála“ og er aðsetur og póstfang nefndarinnar hjá yfirskattaneftnd, Borgartúni 21, 105 Reykjavík. Netfang nefndarinnar er [knu@yfirskattaneftnd.is](mailto:knu@yfirskattaneftnd.is).

**2. gr.**

*Framlagning kæru*

Kæra ásamt fylgigögnum skal send rafrænt á netfang kærunefndar útboðsmála eða lögð fram á skrifstofu nefndarinnar.

Samhliða framlagningu eða sendingu skal kærandi greiða kærugjald samkvæmt 5. mgr. 106. gr. laga nr. 120/2016. Kæra verður ekki tekin til efnislegrar meðferðar nema kærugjald hafi verið greitt.

Mat á því hvort kæra hefur borist innan kærufrests miðast við móttökudag kæru.

**3. gr.**

*Form kæru og fylgigögn*

Kæra skal undirrituð af kæranda, fyrirsvarsmanni kæranda eða lögmanni hans.

Með kæru skal fylgja afrit allra þeirra gagna, sem vísað er til í kæru, auk annarra gagna, sem kærandi telur styðja kröfur sínar.

**4. gr.**

*Efni kæru*

Í kæru skal eftirfarandi koma fram:

- a. Fullt heiti kæranda og fyrirsvarsmanns hans, kennitala, lögheimili og netfang.
- b. Heiti og heimilisfang varnaraðila.
- c. Ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kært.
- d. Kröfur kæranda sem skulu lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum nr. 120/2016.
- e. Beiðni um álit á skaðabótaskyldu varnaraðila, ef því er að skipta.
- f. Stutt lýsing málsatvika, málsástæðna og rökstuðningur.

Óski kærandi eftir því að gætt sé trúnaðar um ákveðin atriði skal hann tilgreina þau atriði sérstaklega og jafnframt taka fram að hvaða marki óskað sé trúnaðar og ástæður fyrir því.

## 5. gr.

### *Tilkynning um móttöku kæru*

Við móttöku kæru tilkynnir nefndin þegar í stað þeim sem kæra beinist gegn um móttöku kærunnar. Þegar um er að ræða kæru vegna ákvörðunar um val tilboðs skal í tilkynningu til varnaraðila vakin athygli á því að gerð samningskunni að vera óheimil þar til nefndin hefur endanlega leyst úr kærinni.

## 6. gr.

### *Málsmeðferð*

Nú er kæra tæk til efnismeðferðar og gefur nefndin varnaraðila, þar á meðal fyrirtæki sem hagsmuni kann að eiga af kærinni, kost á að tjá sig um efni kærunnar. Frestur skal að jafnaði eigi vera lengri en 10 dagar frá dagsetningu bréfs nefndarinnar.

Kærandi skal jafnan gefinn stuttur frestur til að tjá sig um greinargerð varnaraðila og annarra sem gefinn hefur verið kostur á að færa fram skriflegar athugasemdir. Frestur skal að jafnaði eigi vera lengri en 10 dagar frá dagsetningu bréfs nefndarinnar.

Að framkomnum lokaathugasemdum kæranda tekur nefndin mál til úrskurðar nema ákveðið sé að fram fari munnlegur málflutningur eða frekari gagnaöflun að frumkvæði nefndarinnar.

## 7. gr.

### *Málsmeðferð um kröfu um stöðvun samningsgerðar um stundarsakir*

Varnaraðila, þar á meðal fyrirtæki sem hagsmuni kann að eiga af kærinni, skal að jafnaði gefinn skammur frestur til að tjá sig um hugsanlega stöðvun útboðs eða stöðvun samningsgerðar um stundarsakir. Frestur skal að jafnaði ekki vera lengri en þrjú sólarhringar.

Ef um er að ræða skýrt og augljóst brot á reglum um opinber innkaup er heimilt að taka ákvörðun um stöðvun um stundarsakir án þess að varnaraðila hafi verið gefinn kostur á að tjá sig.

Þegar athugasemdir samkvæmt 1. mgr. hafa borist skal nefndin taka ákvörðun um kröfuna eins fljótt og unnt er. Ef skýrt liggur fyrir að skilyrði til stöðvunar samningsgerðar um stundarsakir eru ekki fyrir hendi er þó heimilt að fresta umfjöllun um kröfuna til endanlegs úrskurðar með bókun nefndarinnar.

## 8. gr.

### *Málsmeðferð um afléttingu stöðvunar samningsgerðar*

Nefndin getur ákveðið að aflétta banni við samningsgerð sem stofnast hefur til við móttöku kæru innan lögboðins biðtíma samkvæmt 86. gr. laga nr. 120/2016, hvort heldur er að kröfu varnaraðila eða að eigin frumkvæði.

Gerir varnaraðili kröfu um afléttingu samningsgerðar getur kærunefnd tekið ákvörðun um afléttingu stöðvunar án þess að afla frekari gagna eða athugasemda frá kæranda.

Áður en nefndin tekur ákvörðun um afléttingu stöðvunar samningsgerðar að eigin frumkvæði skal hún að jafnaði gefa aðilum kost á því að færa fram athugasemdir sínar.

## 9. gr.

### *Form og efni greinargerðar varnaraðila og fylgigögn*

Um form og efni greinargerðar varnaraðila fer eftir 3. og 4. gr. eftir því sem við á.

Óski varnaraðili eftir því að gætt sé trúnaðar um ákveðin atriði skal hann tilgreina þau atriði sérstaklega og jafnframt taka fram að hvaða marki óskað sé trúnaðar og ástæður fyrir því.

#### **10. gr.**

##### *Skipun nefndarinnar*

Á nefndarfundi, þar sem tekin er lokaákvörðun um mál, skal nefndin vera fullskipuð. Í öðrum tilvikum er nægilegt að tveir nefndarmenn taki þátt í meðferð máls og ákvörðun.

Formaður kallar til varamenn eftir því sem nauðsyn ber til. Við val á varamanni skal leitast við að jafna fjölda mála sem varamenn taka þátt í. Í stað nefndarmanns með alhliða reynslu og þekkingu á viðskiptum skal þó kalla til þann varamann sem skipaður hefur verið vegna sambærilegrar kunnáttu.

Í forföllum formanns skal löglærður aðalmaður gegna störfum formanns. Í forföllum beggja skipaðra löglærðra aðalmanna skal hlutkesti ráða hvor löglærðra varamanna fer með formennsku.

Nefndarmenn skulu undirrita ákvarðanir, úrskurði og minnihlutaálit sem þeir standa að.

#### **11. gr.**

##### *Ákvarðanir formanns*

Formaður ákveður fundi nefndarinnar og stýrir störfum hennar.

Formaður tekur ákvörðun um afhendingu gagna til málsaðila og annarra aðila.

#### **12. gr.**

##### *Fundargerðir og málaskrá*

Löglærður ritari nefndarinnar heldur fundargerðir eftir nánari ákvörðun formanns. Haldin skal skrá yfir mál sem berast nefndinni og lyktir þeirra.

#### **13. gr.**

##### *Tilkynningar*

Heimilt er að senda málsaðila tilkynningar, ákvarðanir og úrskurði með tölvupósti eða öðrum rafrænum hætti. Staðfest endurrit ákvarðana og úrskurða skal þó einnig senda bréflaga eða með fullgildri rafrænni undirskrift.

#### **14. gr.**

##### *Birting úrlausna kærunefndar útboðsmála*

Úrskurðir og ákvarðanir nefndarinnar skulu gerðir almenningi aðgengilegar eftir nánari ákvörðun formanns. Óski málsaðili eftir því að tiltekin atriði í úrlausn séu ekki birt skal hann tilkynna nefndinni um það eins fljótt og kostur er og um ástæður þess.

#### **15. gr.**

##### *Upplýsingagjöf til fjármálaráðuneytisins*

Nefndin skal láta fjármálaráðuneytinu í té endurrit af ákvörðunum og úrskurðum í málum sem hún fjallar um.

#### **16. gr.**

##### *Gildistaka*

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 113. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og öðlast gildi við staðfestingu ráðherra.

*Kærunefnd útboðsmála, 10. mars 2022.*

**Reimar Pétursson**

**Auður Finnbogadóttir**

**Kristín Haraldsdóttir**

# Undirritunarsíða

Reimar Snæfells Pétursson



Undirritað af:  
Reimar Snæfells  
Pétursson  
1411724689  
Dags: 10.03.2022  
Tími: 10:39:26  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 6c1aa58b-  
ab27-4505-8cd1-  
9489f542034c

Auður Finnbogadóttir



Undirritað af:  
Auður Finnbogadóttir  
2007673739  
Dags: 10.03.2022  
Tími: 23:06:56  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 6c1aa58b-  
ab27-4505-8cd1-  
9489f542034c

Kristín Haraldsdóttir



Undirritað af:  
Kristín Haraldsdóttir  
2603703329  
Dags: 10.03.2022  
Tími: 22:40:07  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 6c1aa58b-  
ab27-4505-8cd1-  
9489f542034c